

Tillögur starfshóps um starfsumhverfi og starfsaðstæður í leikskólum í Kópavogi – Breytingatillaga

Starfshópur um starfsumhverfi og starfsaðstæður í leikskólum í Kópavogi samþykkti tillögur sínar og skýrslu á fundi 13. júní s.l. Voru tillögurnar lagðar fyrir leikskólanefnd þann 16. júní s.l. og vísað þaðan til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar. Gerðar eru eftirfarandi tillögur að breytingum á tillögum starfshópsins:

- **Gjaldfrjáls leikskóli í 6 tíma á dag**
 - Óbreytt
- **Tekjutenging leikskólagjalda og systkinaafsláttur**
 - Breytingartillaga: Breytingartillaga: Lagt er til að tekjutengdur afsláttur verði 40% sem miðast við 750.000 kr fyrir einstæða foreldra og 980.000 kr. fyrir sambýlisfólk. Mikilvægt að koma til móts við þann hóp útivinnandi foreldra sem í dag falla undir afsláttarviðmið en verða fyrir hækkun leikskólagjalda þrátt fyrir að njóta afsláttar eftir gjaldskrárbreytingar. Menntasviði verði falin útfærsla málsins.
- **Lokun leikskóla milli jóla og nýárs, dymbilviku og vetrarleyfi**
 - Breytingartillaga: Lagt er til að opið verði í tveimur til fimm leikskólum, að hámarki einum leikskóla í hverju hverfi.
- **Heimgreiðslur**
 - Breytingartillaga: Lagt er til að heimgreiðslur hefjist við 15 mánaða aldur og miðist við framlög til dagforeldra kr. 107.176.
- **Afsláttur af leikskólagjöldum til starfsfólks leikskóla**
 - Óbreytt
- **Húsumsjónarmaður leikskóla**
 - Breytingartillaga: Vísað til fjárhagsáætlunarvinnu 2024
- **Viðmið um grunnmönnum (barngildi) á deildum elstu barna**
 - Óbreytt
- **Innritun**
 - Óbreytt
- **Leik- og heildarrými barna**
 - Óbreytt
- **Stjórnunarhlutfall aðstoðarleikskólastjóra**
 - Breytingartillaga: Vísað til fjárhagsáætlunarvinnu 2024
- **Þjálfun, velferð og vellíðan starfsfólks**
 - Breytingartillaga: Í fjárhagsáætlun 2023 var samþykkt að starfsfólk Kópavogsbæjar fái frítt í sund í sundlaugum Kópavogs frá og með haustinu 2023. Varðandi aðrar tillögur er þeim vísað til fjárhagsáætlunarvinnu 2024
- **Fjölgun leikskólarýma og samstarfsverkefni við grunnskóla um leikskóladeild fyrir 5 ára börn**
 - Óbreytt
- **Bakvarðasveit leikskóla**

- Óbreytt